



Pési

151.tbl. 12 árgangur. Ágúst 2002
Útgefandi Hrunamannahreppur
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410
GSM.869-3094

E-mail hruni@mmedia.is

Ágætu lesendur.

Þá er það Ágúst-Pésinn.

Eins og þið sjáið er þetta síðsumars blað troðfullt af alls konar fróðleik, og verður örugglega lesið spjaldanna á milli.

Pési septembermánaðar er væntanlegur 12.sept og skilafrestur á efni í hann er 7.sept.

Kveðja. Ritstj.

Frá sundlauginni á Flúðum.

Vetraropnun hefst mánud. 26.ágúst. Frá þeim tíma er opið:

Mánud – fimmtudaga	18:00-22:00
Föstudaga	17:00-21:30
Laugard – sunnudaga	13:00-18:00

Atvinna.

Óskum eftir manni með rútuþróf til að sjá um skólaakstur úr Langholtshverfi að Flúðum.

Uppl. fást hjá Guðmundi Tyrfrings. ehf, s:482-1210 eða 895-0020.

Tamningar.

Tek hesta í tamningu frá miðjum september.

Upplýsingar í síma 846-9794 milli kl. 16 og 19.

Manni Langholtskoti

Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00

opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.

Hraðbankinn er alltaf opin.

Frá Fjáröflunarnefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps

Nú ætlar fjáröflunarnefndin að brydda upp á nýjungum á

RÉTTARDAGINN. Boðið verður upp á forrétt fyrir

réttasúpuna. Seldar verða **Pulsur, samlokur, heitt kakó, kaffi, kókómjólk og safi og eitthvað fyrir sælkerana.**

Svo viljum við minna á.

Fyrsta sunnudag í aðventu, sem er 1. Desember, munum við vera með **tombólu og kökubasar.** Einnig bjóðum við öllum sem vilja selja eitthvað aðstöðu.

Nánar auglýst síðar.

SÓLSKINSKVEÐJUR.
NEFNDIN.

Skattakóngar.

Samkvæmt venju er birtur í Pésanum listi yfir þá, sem greiða mest í opinber gjöld í Hrunamannahreppi. Listinn er birtur með þeim fyrirvara að gjöld geta verið áætluð hjá einhverjum.

	Tekjuskattur	Útsvar	Samtals
Ragnar Kr. Kristjánsson	7.121.942,-	410.862,-	7.532.804,-
Georg Ottósson	2.320.402,-	147.278,-	2.467.680,-
Jóhanna S. Vilbergsdóttir	1.415.027,-	836.587,-	2.251.614,-
Hannibal Kjartansson	1.317.876,-	882.887,-	2.200.763,-
Jón Þ. Oddleifsson	1.240.342,-	744.652,-	1.984.994,-
Einar Harðarson	1.212.344,-	737.887,-	1.950.231,-
Guðjón B. Gunnarsson	1.051.999,-	659.805,-	1.711.804,-
Kristleifur Andrésen	964.619,-	617.255,-	1.581.874,-
Rut Guðmundsdóttir	946.797,-	608.566,-	1.555.363,-
Sigurður Ingi Jóhannsson	901.993,-	585.649,-	1.487.642,-
Eiríkur Jóhannson	858.290,-	564.025,-	1.423.315,-
Reynir Guðmundsson	836.806,-	583.029,-	1.419.835,-
Jóhannes Sigmundsson	823.001,-	548.292,-	1.371.293,-
Bjarni Harðarson	816.331,-	543.579,-	1.359.910,-
Loftur Þorsteinsson	791.193,-	552.202,-	1.343.395,-
Einar Jónsson	742.363,-	598.584,-	1.340.947,-
Agnar Reidar Róbertsson	764.679,-	559.640,-	1.324.319,-
Björn Kjartansson	777.568,-	526.168,-	1.303.736,-
Brigitte Brugger	773.197,-	524.039,-	1.297.236,-
Bjarni H. Ansnes	763.228,-	519.185,-	1.282.413,-
Eiríkur Kristófersen	757.035,-	516.169,-	1.273.204,-
Hannes Bjarnason	736.487,-	525.216,-	1.261.703,-

Eignaskattur.

Mildrid og Ragnar	Ljónastíg 10	512.826,-
Emil Gunnlaugsson	Suðurbrún 6	425.834,-
Guðrún og Hjalti	Galtafelli	347.640,-
Sólveig Ólafsd.	Grund	321.569,-
Helga og Jón	Högnastöðum	290.628,-
Steinunn og Hreinn	Þórarinsstöðum	253.690,-
Ásta Guðný og Halldór	Efra-Seli	232.848,-
Anna og Guðmundur	Steinahlíð	217.888,-
Hanna og Haraldur	Hrafnkelsstöðum	211.490,-

Ár 2002, miðvikudaginn 7. ágúst kom hreppsnefnd saman til 14. fundar ársins á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6.

Allir nefndarmenn voru mættir utan Björns Kjartanssonar, en í hans stað mætti Unnar Gíslason.

Einnig mætti sveitarstjóri.

1. Fyrir var tekin ráðning sveitarstjóra. Samþykkt að ráða Ágúst Kristinn Björnsson sveitastjóra Hrunamannahrepps frá 15. ágúst 2002. Sérþókkun: Varðandi ráðningu sveitarstjóra taka fulltrúar A lista fram að þeir hafi ekkert komið að því vali. Á hreppsnefndarfundi 3. júlí var lagður fram listi með nöfnum 43 umsækjanda. Oddviti upplýsti að ráðningarstofa væri búin að velja 6 af þeim til að ræða við. Fulltrúum A lista var boðið að koma á viðræðufund við þrjá umsækjendur föstudaginn 5. júlí. Við gátum ekki mætt á þann fund. Síðan höfum við ekkert frétt af gangi mála, þótt um annað hafi verið rætt, nema fréttir úr útvarpi og blöðum að búið sé að ganga frá ráðningu sveitarstjóra. Við sitjum því hjá við afgreiðslu málsins. Þorsteinn Loftsson
Unnar Gíslason.
2. Kynnt fundargjörð heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 2. júlí 2002.
3. Fyrir var tekin fundargjörð bygginganefndar frá 16. júlí 2002. Samþykkt án athugasemda.
4. Fyrir lá erindi frá Flúðasveppum ehf. undirritað af Ragnari Kr. Kristinssyni dags. 1/8 2002 þar sem farið er fram á að Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hlutist til um að tenging gamla sumarþústaðavegarins við þjóðveginn verði ekki aflögð eins og deiliskipulag geri ráð fyrir. Fyrir lá óformlegt svar USU nefndar þar sem hún gerir ekki athugasemdir en tekur fram að skipta þurfi um ræsi við þjóðveg. Hreppsnefnd er samþykk því að tengingin verði ekki aflögð og felur því skipulagsarkitekt að breyta deiliskipulagi og undirbúa erindið til auglýsingar.

5. Fyrir var tekin fundargjörð veitustjórnar frá 6/8 2002. Þar kemur fram tillaga um breytingu á gjaldskrá vatnsveitu. Á fundinn mætti Hannibal Kjartansson veitustjóri og var rætt um endurskoðun á gjaldskrá kaldavatsveitu, einnig almennt um veitumál. Hreppsnefnd samþykkir nýja gjaldskrá kaldavatsveitu sem tekur gildi 1/9 2002.

1. Stofn verður 0,23% af fasteignamati íbúðarhúsa.
2. Sumarhús: 6.000 kr. pr. ár.
3. Atvinnurekstur. Fast gjald 10.000 kr. að auki 11 kr. pr. tonn.

Mælaleiga

Stærð mælis	mælaleiga í kr. per dag.
15 mm	15.87
20 mm	16.16
25 mm	20.79
32 mm	23.28
40 mm	28.04
50 mm	34.27
80 mm	89.70

Fleira ekki tekið fyrir til afgreiðslu

Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
23. ágúst, 6. sept
og 20. sept

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



Um fjallskilamál

Á fundi landbúnaðarnefndarnefndar þann 30. júlí s.l. var jafnað niður vinnuframlagi þeirra sauðfjárbænda sem nýta afréttinn. Þau sauðfjárbú sem eiga fé á fjalli sumarið

2002 gera því eftirfarandi fjallskil:

Auðsholt III	4	leitir
Auðsholt IV	10	leitir
Bjarg	0	leit
Bryðjuholt Helga	1	leit
Bryðjuholt Samúel	1	leit
Birtingarholt	0	leit
Grafarbakki	5	leitir
Hrepphólar	6	leitir
Ísabakki	7	leitir
Miðfell	2	leitir
Núpstún	1	leit
Skipholt III	3	leitir
Syðra-Langholt	3	leitir

Fjallskilasjóður útvegur hey og verður með heitan kvöldmat fyrir allar leitir. Fjallkóngur er Steinar Halldórsson. Suðurleit mætir á Kaldbak laugardaginn 7. september kl. 12.30 og þeir sem aðrar leiðir fara ætli sér sama tíma.

Ætlast er til að fjallmenn komi farangri sínum á viðkomandi trússara; norðurleit til Eiríks og suðurleit til Emils á Grafarbakka. Jafnframt er mælt til að skrínur, pokar og töskur verði vel merktar.

Hrunaréttir hefjast kl. 9.00 föstudaginn 13. september.

Fé úr Skeiða- og Tungnaréttum verður réttað í Hrunarétt laugardaginn 14. september kl. 15.00.

Eftirsafn leggur af stað föstudaginn 20. september.

Heiðarsmölun verður sunnudaginn 22. september.

Skilaréttir verða laugardaginn 28. september kl. 14.00.

Landbúnaðarnefnd og fjallkóngur.

Ábendingar til sauðfjárbænda varðandi sóttvarnir í smalamenskum og réttum í haust.

Við smalamennsku á afréttinum verða viðhafðar sérstakar varúðarráðstafanir til að forðast að hugsanlega veikar kindur smiti aðrar. Jafnframt verður fé sem kemst í nána snertingu við veikar kindur merkt, þannig að eigandinn getur slátrað þeim kindum. Allt fé sem sett er á kerrur verður því merkt, **uppgefið fé með bláu striki á bak en veikt fé með rauðum krossi á bak**. Þessar kindur verða skoðaðar af dýralækni um leið og til byggða er komið. Úr Tungnaréttum verður eftir sem áður merkt með rauðu í krúnu.

Allt fé sem kemur úr eftirsafni verður merkt með bláu í krúnu. Bændur eru því beðnir um að nota ekki sömu merkingar. Jafnframt er minnt á að ókunnugt fé sem kemur fyrir í heimasmalamenskum skal tafarlaust tekið sér og **eigandi látinn vita strax, þannig að hann geti sótt sitt fé**. Af fé sem gengur í heimahögum er talin meiri smithætta en af fé sem gengur í afrétti. Hýsing á sauðfé og þar af leiðandi þrengsli auka hugsanlega smitáhættu. Þess vegna er þeim tilmælum beint til sauðfjárbænda að slátra þessu fé.

Varðandi flutninga úr réttum gilda sömu reglur og um flutning fjár í afrétt þ.e. ef notað er flutningstæki til að flytja fé frá fleiri en einum bæ skal þrifa flutningstækið milli bæja.

Í lok rétta eru sauðfjárbændur hvattir til að yfirfara fjárhópin í dilknum áður en rekið er heim úr réttunum, því alltaf er eitthvað um að ókunnugt fé slæðist inn í dilkinn.

Að gefnu tilefni er, á meðan þetta ótrygga ástand varir stranglega bannað að fara með úrgangshey og dreyfa því í afréttinn.

Landbúnaðarnefnd og Héraðsdýralæknir.

Frá oddvita.

Eins og ég minntist á í síðasta Pésa er það ætlunin að skrifa reglulega í Pésann um það helsta sem er á borði sveitarstjórnar hverju sinni.

SVEITARSTJÓRI.

Á síðasta sveitarstjórnarfundum þann 7. ágúst var staðfest ráðning Ágúst Kr. Björnssonar í starf sveitarstjóra en eins og komið hafði fram í fjölmiðlum skrifuðum við undir ráðningarsamning seinnipart júlímánaðar með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Ágúst Kr. var valinn úr hópi 43 umsækjenda og er það okkur mikið gleðiefni hve margir höfðu áhuga á þessu starfi. Ég vil nota þetta tækifæri og bjóða Ágúst Kr. velkominn til starfa en hann hefur störf þann 15. ágúst. Jafnframt vil ég þakka öllum hinum umsækjendunum fyrir þann áhuga sem þeir sýndu okkur með því að senda inn umsókn.

KALT VATN GJALDSKRÁRHÆKKUN.

Gjaldskrá fyrir kalt vatn hefur verið að mestu óbreytt frá 1994. Þörf á að hækka hana hefur verið fyrir hendi í mörg ár. Veitan má ekki vera rekin með hagnaði samkv. landslögum en tekjurnar eiga að standa undir rekstri og greiða niður fjárfestingar (vatnsöflun, miðlunartankar og dreifikerfi). Síðustu ár hafa tekjurnar ekki einu sinni dugað fyrir rekstrinum. Sú hækkun sem tekur gildi nú 1.

september er veruleg en nær þó ekki nema að standa undir áætluðum rekstri. Í haust er fyrirhugað að endurskoða uppbyggingu gjaldskrárinnar þannig að hún endurspegli betur notkun og kostnað við dreifingu vatnsins. Jafnframt er stefnt að viðræðum við stórnotendur um hvernig við getum nýtt betur vatnið bæði til að spara vatn og til að lækka kostnað hjá notendum. Einnig er unnið að enn frekari framkvæmdum við að byggja miðlunartanka, stækka dreifikerfið og fjölga notendum. Þrátt fyrir þessa hækkun verður kalt vatn frekar ódýrt miðað við mörg önnur sveitarfélög.

HUNDAHÁLD.

Hundum hefur fjölgað mjög á síðustu misserum, sérstaklega í þéttbýlinu á Flúðum. Þessari fjölgun hefur því miður fylgt vaxandi fjöldi kvartana yfir lausagöngu hunda og skaða sem þeir hafa valdið. Því birtum við enn og aftur “samþykkt um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi” frá árinu 1996 með þeirri von að hundaeigendur lesi hana og fari eftir henni. Ég vil benda öllum hundaeigendum á að það fylgir því mikil ábyrgð að eiga hund bæði hundsins vegna og einnig gagnvart svokölluðum þriðja aðila. Eigandi er ábyrgur fyrir hverju því tjóni sem hundur hans kann að valda þriðja aðila sbr. 1. gr. lið b). Ég hvet ykkur, hundaeigendur góðir, að skoða hvernig ábyrgðartryggingar þið eruð með og jafnframt að fylgja samþykktunum eftir.

LEIKSKÓLAFRAMKVÆMDIR.

Hin nýja leikskólabygging rís hratt og vel. Framkvæmdir eru á áætlun og nú er komið að því að skipta um jarðveg í innkeyrslu og undir bílastæðum. Þær framkvæmdir kalla á enn meira rót og umstang en verið hefur í sumar. Stefnt er að ljúka jarðvegsskiptum áður en að börnin koma í skólann. Engu að síður munu þessar framkvæmdir raska einhverju í hefðbundnu skólasterfi þó ekki sé nema að leiðin milli skólans og Félagsheimilisins lengist til að byrja með. 1. október á allri utanhússvinnu að vera lokið en fram að þeim tíma verða allir að leggjast á eitt á að láta þetta ganga upp án áfalla. Þeir sem hafa þurft að búa við þessar framkvæmdir í sumar hafa verið alveg sérstaklega jákvæðir og þolinmóðir og vil ég þakka þeim það hér.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Iðandi dögum 2002 lokið og uppskeran ríkuleg hjá flest öllum sem að dögnum stóðu. Veðrið setti að vísu strík í reikninginn um verslunarmannahelgina en gestir og gangandi sem létu rigninguna ekki á sig fá, voru himinsælir með dagskrána og allt sem í boði var.

Nokkur atriði stóðu upp úr varðandi þátttöku og gleði og ætla ég að reyna að gera því skil hér og jafnframt tilkynna verðlaunahafa þar sem því er við komið og leiðrétt það sem birtist vitlaust í Sunnlenska í síðustu viku.

Fitness-keppnin (Hreysti-keppnin) tókst afar vel, bæði fyrstu helgina í júlí og nú um verslunarmannahelgina. Tugur barna tók þátt og naut leiðsagnar og hjálpar Kristjáns Ársælssonar við að fara brautina sem Límtré smíðaða svo haganlega. Einnig var frábær keppni para á laugardagskvöldinu en þar tóku þátt 8 pör, hvert öðru hraustara og hressara! Keppnin var styrkt af Límtré, MBF og SFG og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Verðlaun í fitness-keppninni gáfu Ferðamiðstöðin og Verslunin Grund en aðalatriðið var auðvitað að vera með og fara brautina. Í því fólst sigurinn.

Ídýfusamkeppnin tókst frábærlega og vakti mikla athygli gesta og gangandi. Athygli vakti glæsilegt borðið, fallegt grænmetið og ídýfurnar frábæru. Hugmyndasmiður og aðaldriffjöður ídýfusamkeppninnar var Ragnhildur Þórarinsdóttir og færi ég henni sérstaklega þakkir mínar. Allir þátttakendur í keppninni fá einnig þúsund þakkir fyrir þátttöku, aðstoð og framtakið sjálft. Allar ídýfurnar fengu atkvæði en um 200 manns kusu. Ekki kusu nærri allir sem komu. Ídýfusamkeppnin var styrkt af grænmetisframleiðendum, MBF, Krónunni, Garra og Hótel Glym í Hvalfirði.

Ætlunin er að birta ídýfurnar á netinu á næstunni á slóðinni fludir.is en hér birtist listi yfir þátttakendur og nöfn á ídýfunum þeirra.

Bara:	Ragnhildur Þórarinsdóttir
Flúðaflipp:	Ragnhildur Þórarinsdóttir og Anna María Gunnarsdóttir (sigurvegarar)
Flúðasletta:	Ragnhildur Þórarinsdóttir
Hallgrímur sterki:	Guðbjörg Runólfsdóttir
Ljónynjan:	Guðbjörg Runólfsdóttir

Iðandi Anna:	Ragnhildur Þórarinsdóttir
Lúlli graslaukur:	Guðbjörg Runólfsdóttir (3. sætið)
Lúlli laukur:	Sigríður Guðmundsdóttir (2. sætið)
Mangósól:	Halldóra Halldórsdóttir
Rauði drekinn:	Guðbjörg Runólfsdóttir
Sveppóní:	Mildrid Irene Steinberg
Undir bláhimni:	Sigríður Guðmundsdóttir

Verðlaun fyrir bestu ídýfuna voru frá Hótel Glym í Hvalfirði; gisting og morgunverður fyrir tvo. 2. og 3. verðlaun voru handverksúttekt hjá Fröken Fix.

Traktorstorfæran hefur fengið mjög mikla umfjöllun í fjölmiðlumog læt ég því duga að nefna hér að heimsmeistari er Grétar Skúlason, annað árið í röð og fékk hann að launum gjafabréf frá Ferðamiðstöðinni og Útlaganum.

Furðubátakeppnin sló öll met þetta árið en skráðir til keppni voru 38 bátar, hver öðrum glæsilegri. Eins og venjulega var dómnefnd í mikilli kreppu að þurfa að velja á milli bátanna því nær allir bátarnir áttu skilið að fá verðlaun. En niðurstaðan varð sú að *Tjaldfleyið* hjá þeim félögum Helga Sigurþór, Arnóri Grími og Davíð Brynjari var valið flottasta fleyið. Frumlegasti báturinn var *Böðullinn* hjá Braga Viðari.

Verðlaun fyrir bestu tilþriffin fengu Snorri, Kjartan, Sólveig, Hringur og Sölvi á *Fótboltanum*.

Verðlaun fyrir viðleitni fékk Garðar Hrafn og pabbi hans á bátnum *Schumacher*.

Sérverðlaun voru fyrir fyndnasta bátinn þetta árið en það voru jafnframt verðlaun í fullorðinsflokki. Þau verðlaun fengu Marta og Sammi á *Tækjasalnum* og eiga þau hrós og þakkir skilið fyrir frábæran gjörning. Skora ég hér með á fullorðna að taka þátt að ári og vera ekki bara með í að búa til báta handa börnunum heldur líka koma og vera með!

Á sunnudagskvöldinu birti að sjálfsögðu til og var mikil og góð stemning á brennu og flugeldasýningu. Sumarbústaðafólk og heimamenn ásamt nokkrum þrjóskum tjaldsvæðagestum nutu veðurbliðunnar og sungu sig inn í ljúfa ágústnóttina. Ljúfur endir á Iðandi dögum.

Ferðamiðstöðin, Fröken Fix, Golfvöllurinn Seli, Hestaleigan Syðra-Langholti, Hótel Flúðir, Kaffi-Sel, Verslunin Grund,

Útlaginn og ferðamálanefnd Hrunamannahrepps þakka öllum þeim sem tóku þátt, lögðu hönd á plóg eða fylgdust með Iðandi dögum 2002. Sérstaklega ber að þakka Herði Úlfarssyni og Tómasi Þóri Jónssyni fyrir ósérhlífni sína og jákvæðni hvenær sem leitað var til þeirra.

Með vinsemd og virðingu
Anna Kr. Ásmundsdóttir
umsjónarmaður Iðandi daga 2002.

Hér sit ég og söðul minn þrái
og sárlegt er til þess að vita
Í von um að fljótt ég hann fái,
því bráðlega verð ég að flytja.

Anna Fía sími 486-6694

Smáraútreiðartúr!!!!!!!

Hinn árlegi Smáraútreiðartúr verður farinn laugardaginn 17.ágúst.Hist verður á Hlíðareyrum kl.13:00 og riðið þaðan upp í Laxárdal og svo fram í Steinsholt, þar sem stoppað verður hjá Gunnari bónda, og þar getur fólk nýtt sér veitingaaðstöðuna. Túrnum lýkur formlega í Steinsholti.

Útreiðarnefnd Smára

Nýtt á bókasafninu!!

- Nýjustu tölublöðin af Hús og híbýlum, Bo Bedre og Í formi
- Bækurnar um Aylu af Þjóð Bjarnarins mikla.
- Stangveiðihandbókin
- og margt fleira

Bókavörður.

Frá Fimleikadeild UMFH.

Eins og kunnugt er var gerð tilraun frá febrúarbyrjun til aprílloka að bjóða uppá fimleikatíma í íþróttahúsinu. Má með sannni segja að sú tilraun hafi tekist vel því að um 40 börn sóttu æfingar sem voru á laugardagsmorgnum. Voru þetta börn úr 6 árgöngum sem skipt var upp í tvo hópa. Þjálfari var Sigríður Bogadóttir frá Selfossi sem hélt vel utan um starfið og lagði góðan grunn að þessu fimleikastarfi. Þann 25. apríl (sumardaginn fyrsta) lauk starfinu með glæsilegri fimleikasýningu þar sem börnin stóðu sig frábærlega og tæplega 100 manns komu að horfa á. Almenn ánægja var meðal foreldra og áhorfenda með framtakið. Sigríði eru færðar bestu þakkir fyrir gott starf.

Þann 4. júní 2002 var Fimleikadeild Ungmennafélags Hrunamanna formlega stofnuð.

Í stjórn eru:

Arnheiður S. Þorvaldsdóttir – Miðfelli.

Halldóra Hjörleifsdóttir – Fossi.

Áslaug Bjarnadóttir – Miðfelli.

Varastjórn:

Halla Gunnarsdóttir – Borgarási

Íris Sigurðardóttir – Högnastíg.

Í september stendur svo til að byrja fimleikaæfingar að nýju. Við höfum fengið til okkar þjálfara sem er Bente Hansen, Birkikinn, Gnúpverjahreppi, en hún útskrifaðist í vor sem íþróttافرæðingur frá Laugarvatni. Við ætlum að leyfa fimleikastarfinu að þróast áfram í rólegheitum og halda áfram með þá árganga sem voru með í vor, þ.e.a.s. börn fædd 1992, 1993, 1994, 1995, 1996 og 1997. Ef vel gengur, getum við vonandi bætt fleiri árgöngum við með tíð og tíma.

Hlökkum til að sjá ykkur í haust.

Stjórn Fimleikadeildar UMFH.

Adda Sigga, Halldóra og Áslaug

Gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2002

Nú líður að síðustu ferð sumarsins sem Íþróttá og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps stendur fyrir. Síðasta ferð sem var frá Kaldbak að Laugum tókst vel en þá gengu 15 manns í frábæru veðri og fengu gott útsýni yfir byggðir og ból.

5. ferð 25.ágúst.

Stóru-Laxár gljúfur.

Ferðalangar mæti stundvíslega **kl 10:00 á planið hjá**

Félagsheimilinu. Björgunarsveitin Eyvindur sér um að keyra fólk inn í afrétt þar sem gangan byrjar. Gengið niður með stórkostlegu gljúfri Stóru Laxár, komið við á Hrunakrók og endað á Kaldbak en þar munu Eyvindar menn bíða eftir okkur og flytja aftur niður að Flúðum.

Áætlaður göngutími er 7-8 klst.

Hafið með ykkur gott nesti og hlífðarföt, einnig peninga til að borga aksturinn.

Nauðsynlegt er að skrá sig í þessa ferð til að hægt sé að skipuleggja akstur.

Skráning er í síma 486 6745 og 849 0546 Magga S. Brynjólfsdóttir
ÓGLEYMANLEG GANGA.

Útreiðartúr Kvenfélagsins

Farið verður í útreiðartúr Kvenfélags Hrunamannahrepps föstudaginn 16. ágúst.

Lagt verður af stað frá Selsvegamótum (við flugvöllinn) kl. 15 og riðið niður með Hvítá að Auðsholti og síðan sem leið liggur að Álfaskeiði. Þar verður áð og við fáum sendar veitingar frá Golfskálanum og því er óhjákvæmilegt að taka peningaveskið með. Vonandi verður reiðin fjölmenn því leiðin er auðveld og þægileg.

Nefndarkonur,
Kata og Björg.

Gulir og grænir!!!!!! Fótbolti.

Á vordögum tóku nokkrir strákar hér í hreppnum sig saman og ákváðu að æfa fótbolta í sumar. Þeir höfðu samband við formann U.M.F.H og fengu þjálfara, Sigfús Heimisson og honum til aðstoðar var Jóhannes Helgason. Síðan voru keyptir búningar, sem að Flúðasveppir styrktu.

Þá var liðinu ekki til setunnar boðið og réðst ekki á garðinn þar sem hann var lægstur heldur skráðu liðið í Íslandsmót 7-manna liða í fjórða flokki. Árangurinn í fyrstu leikjunum var ekki nógu góður, enda lítið þjálfað lið. En með góðri þjálfun og glæsilegri ástundun drengjanna enduðu þeir í þriðja sæti riðilsins síns með 19 mörk í 7 leikjum, þeir sigruðu efsta lið riðilsins Fjölni, HK og Skallagrím og gerðu jafntefli við Víking frá Ólafsvík en þeir enduðu í öðru sæti.

Áhugi á fótbolta er mikill eins og sjá má af því að strákarnir sáu um allt skipulag og undirbúning sjálfir. Þeir hringdu og könnuðu hlutina upp á eigin spýtur og ætla að halda áfram. Þeir eru búnir að hafa samband við formann æskulýðs og íþróttanefndar og hafa fengið vilyrði fyrir tímum í íþróttahúsinu í vetur, og gott ef þeir eru ekki búnir að fá þjálfara líka.

Ekki má síðan gleyma hlut foreldra í þessu öllu. Þeir hafa verið duglegir að keyra á leiki, horfa á og styðja hressilega við bakið á strákunum.

Vonandi halda þessir strákar áfram að æfa og sýna samstöðu, keppnisanda og baráttuþrek eins og þeir hafa gert í sumar, og svo er bara að fjölga þeim sem stunda knattspyrnuíðkun.

Takk fyrir sumarið.
Þjálfarar.

Tapað fundið!!!!!!!!!!

Um verslunarmannahelgina tapaðist hnakkur úr hesthúsinu okkar, trúlega tekinn í misgripum, því annar var skilinn eftir, sem við könnumst ekki við. Sá hnakkur er með ístöðin stillt fyrir barn (og hann er merktur). Hestafólk, þið sem komuð við í hesthúsunum í Torfdalnum þessa helgi. Vinsamlega hafið samband ef þið getið varpað ljósi á málið.

Anna og Helgi
Bjarkarhlíð. S: 486-6615

HREPPAKVÖLD

SÖNGUR OG MATARVEISLA

Föstudaginn 23.ágúst.

*Þann 23. ágúst höldum við söng-og matarveislu
í félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.
Ítalskt hlaðborð og tónleikar með hinum frábæru listamönnum:*

ÖRN ÁRNASON sem kynnir, skemmtikraftur og söngur.

PÁLL RÓSINKRANS söngur

JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON söngur

JÓNAS ÞÓRIR píanó.

*STÍNA DANÍELÓ kokkur sér um hlaðborðið af sinni alkunnu
snilld.*

Hver lætur svona kvöld framhjá sér fara???

Húsið opnar kl. 19.00.

Matur hefst stundvíslega kl. 19.30.

Matur og tónleikar kr. 3.300.-

Barinn verður á sínum stað og opnar kl. 19.00.

Verið velkomin

Starfsfólk Hótel Flúða.

Vissir þú að!

- útlán úr Bókasafni Hrunamanna eru ókeypis fyrir alla íbúa sveitarfélagsins?
- árið 2001 voru skráðar 636 heimsóknir á almennum opnunartíma safnsins?
- árið 2001 voru skráð 1800 útlán af safninu á almennum opnunartíma?
- Nýskráðir titlar árið 2001 voru alls 371?
- á Bókasafni Hrunamanna getur þú pantað bækur af Bæjar-og héraðsbókasafninu á Selfossi (millisafnalán) þér að kostnaðarlausu?
- opnunartími safnsins er: mán. 20-21 og mið. 16-18!
Vetraropnun frá 26. ágúst: mán 20-21; þri, mið og fim. 16-18!

